

Verktillaga

Mótun stefnu í íþróttamálum til 2030

Markmið og helstu verkefni

Aðdragandi og markmið

Þann 4. júlí 2019 sendi Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR bréf þar sem óskað var eftir hugmyndum Capacent um áætlað tímamagn er þyrfti í vinnu vegna mótun stefnu í íþróttamálum.

Markmið vinnunnar er að varpa ljósi á helstu þætti er geta haft áhrif á íþróttastarf, þátttöku í íþróttaiðkun og aðra valkosti í tómsundum í Reykjavík í náinni framtíð; leggja mat á rekstrarumhverfi og rekstur íþróttahreyfingarinnar, aðstöðumál og setja fram stefnu og framtíðarsýn; virkja hagsmunaaðila til þátttöku í umræðum um framtíðina, auka skilning á valkostum og efla samstöðu um aðgerðir móta stefnu fyrir íþróttir í Reykjavík til ársins 2030 sem verði leiðarljós borgaryfirvalda og hagsmunaaðila á komandi árum.

Helstu verkefni ráðgjafa væru:

- Að fara yfir núverandi stefnu og meta hvað hefur náð fram að ganga.
- Að funda með hagsmunaaðilum ÍTR og ÍBR sérstaklega. Einnig að undirbúa og skipuleggja og halda utan um einn stóran vinnufund með fulltrúum íþróttafélaga í borginni.
- Að halda 3-4 smærri fundi með hagsmunaaðilum.
- Að sitja fundi stýrihópsins, sem eru áætlaðir 7-10 á tímabilinu.
- Að skrifa skýrslu.

Helstu verkþættir

1. Fara yfir núverandi stefnu

Við teljum líklegt að í tengslum við yfirferð á núverandi stefnu og mati á hvað hafi náð fram að ganga þurfi að taka a.m.k. 2-3 viðtöl við aðila hjá Reykjavíkurborg og halda 1-2 klukkustunda vinnufund með sérfræðingum auk þess að kalla eftir upplýsingum frá ÍTR og ÍBR eins og þörf er á. Þá yrðu niðurstöður dregnar saman fyrir stýrihóp.

Gera má ráð fyrir að þessi vinna geti numið um 25 klukkustundum

2. Funda með hagsmunaaðilum ÍTR og ÍBR

Hér gerum við ráð fyrir að haldnir verði tveir minni fundir og einn stór fundur með fulltrúum íþróttafélaga og að hver fundur sé á bilinu 2-3 klukkustundir. Við gerum ráð fyrir aðkomu að minnsta kosti tveggja ráðgjafa á þessum fundum og að einnig verði hægt að leita til starfsfólks borgarinnar, t.d. við borðstjórn og praktíska skipulagningu, eins og þörf krefur.

Verkefni ráðgjafa væri fyrst og fremst að undirbúa fundina efnislega í samvinnu við stýrihóp, stýra vinnufundunum sjálfum og vinna úr niðurstöðum þeirra.

Gera má ráð fyrir að þessi vinna geti numið um 50 klukkustundum.

Helstu verkþættir

3. Smærri fundir með hagsmunaaðilum.

Ráðgjafar Capacent undirbúa, stýra og vinna úr allt að fjórum minni fundum með hagsmunaaðilum þar sem hver vinnufundur er allt að tvær klukkustundir.

Gera má ráð fyrir að þessi vinna geti numið um 20 klukkustundum.

4. Sitja fundi stýrihóps

Fram kemur að gert sé ráð fyrir 7-10 fundum stýrihópsins á tímabilinu. Áætlun okkar gerir ráð fyrir að hver fundur stýrihóps verði um 2 klukkustundir að lengd og að hver fundur kalli á a.m.k. 1,5 klukkustund í undirbúning og eftirfylgni/úrvinnslu.

Breytist þær forsendur til hækkunar eða lækkunar hefur það áhrif á tímafjölda.

Samkvæmt þessum forsendum má gera ráð fyrir að þessi vinna geti numið um 35 klukkustundum.

5. Skrifa skýrslu

Ekki liggur fyrir á þessu stigi hvert verður eðli og umfang þeirrar skýrslu sem rituð verður í lok vinnunnar. Því er erfitt að meta með vissu það tímamagn sem nauðsynlegt er til að ljúka þeirri vinnu. Af fenginni reynslu okkar af sambærilegum verkefnum gerum við þó ráð fyrir að **tímafjöldi sem nauðsynlegur er í ritun skýrslu og margvíslega umsýslu í tengslum við skýrsluvinnuna nemi um 40 klukkustundum.**

Ráðgjafateymið

Ráðgjafateymi Capacent er samsett af tveimur ráðgjöfum, en aðrir ráðgjafar geta komið að einstökum þáttum vinnunnar eftir þörfum. Verkefnisstjóri verkefnisins af hálfu Capacent yrði **Steingrímur Sigurgeirsson**



Ingunn Guðmundsdóttir

Ingunn starfar sem ráðgjafi á sviði stefnumótunar. Hún er með B.A gráðu í stjórnmálafræði. Áherslur Ingunnar í stefnumótun hjá Capacent tengjast Design Thinking aðferðafræðinni þar sem unnið er út frá sjónarhóli viðskiptavina og þarfa hans. Ingunn starfaði áður sem viðskiptastjóri hjá Brandenburg og hjá nýsköpunarfyrirtækinu Plain Vanilla, þar sem hún var aðstoðarmaður forstjóra. Þar áður var hún verkefnastjóri hjá Latabæ.



Steingrímur Sigurgeirsson

Steingrímur er með MPA-gráðu frá Harvard Kennedy School og B.A. gráðu í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands. Hann hóf störf hjá Capacent árið 2010 og hefur unnið að verkefnum tengdum stefnumótun, stjórnskipulagi og stjórnun með fjölmörgum fyrirtækjum, sveitarfélögum, ráðuneytum og stofnunum. Steingrímur hefur unnið fjölda verkefna á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Steingrímur var fréttastjóri á Morgunblaðinu um árabil og aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2004-2009.

Kostnaðaráætlun

Póknun Capacent

Áætlun um þóknun Capacent er miðuð við framangreint mat ráðgjafa á þeim forsendum sem fram koma í bréfi sviðsstjóra ÍTR og gerir ráð fyrir að tímamagn sem þurfi í þessa vinnu nemi um 170 vinnustundum ráðgjafa.

Reykjavíkurborg hefur fastan 20% afslátt af tímagjaldi ráðgjafa.

Kostnaður vegna vinnu ráðgjafa við verkefnið miðað við þessar forsendur er áætlaður um 3,95 m.kr., auk virðisaukaskatts.

Trúnaður og meðferð gagna

Allir starfsmenn Capacent sem koma að verkinu munu gæta fyllsta trúnaðar varðandi upplýsingar sem þeir fá í tengslum við verkefnið. Þeir hafa allir undirritað trúnaðarsamning hjá Capacent þar sem kveðið er á um þagnarskyldu varðandi málefni einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðaraðilar

Tengiliður Capacent vegna þessa verkefnis er Steingrímur Sigurgeirsson.

Netfang: steingrimur.sigurgeirsson @capacent.is

Símanúmer: 8966273

Reynsla okkar

Capacent hefur áralanga reynslu við að vinna að verkefnum á sviði stefnumótunar og sértækra verkefna. Þau verkefni hafa verið unnin með flestum af helstu fyrirtækjum Íslands, ráðuneytum og stofnunum og atvinnuvega- og hagsmunasamtökum.

Hér til hliðar gefur að líta á nokkur valin verkefni sem liggja á sviði stefnumótunar og tengdra viðfangsefna er ráðgjafar Capacent hafa unnið á síðustu árum.

Þau verkefni sem eru nefnd hér til hliðar fólu öll í sér þetta vinnu ráðgjafa með því fólki sem var í forsvari hjá viðkomandi aðilum. Reynslan af samstarfinu var góð fyrir báða aðila og ánægja með nálgun, verklag og árangur almennt. Til að fá upplýsingar um árangur af vinnu ráðgjafa fyrir aðra aðila er eðlilegast að leita svara hjá þeim sem voru í forsvari fyrir verkefnið af hálfu viðskiptavina.

Capacent er því bæði ljúft og skylt að upplýsa um tengilið í þeim verkefnum sem áhugi er á að heyra um reynslu samvinnunnar.

Reynslugrunnur ráðgjafa Capacent er samþættur úr víðtækri reynslu af stefnumótun fyrir fyrirtæki, hið opinbera og samtök á almennum markaði.

Landsnet

- Stefnumótun (2016)

Landsbankinn

- Stefnumótun, Jafnréttisvísir Capacent (2018-2019)
- Stefnumótun, Markaðir (2018)

Harpa

- Stefnumótun (2017-2018)

Gray Line

- Stefnumótun (2017)

Lyfja

- Stefnumótun (2017)

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

- Endurhönnun á stefnuferlum ríkisins (2019)

Ríkisútvarpið

- Stefnumótun 2017

Síminn

- Stefnumótun, Jafnréttisvísir Capacent (2018-2019)

TM

- Stefnumótun, Jafnréttisvísir Capacent (2017-2018)
- Stefnudagur (2018)

Lota – verkfræðistofa

- Stefnumótun (2016)

Þjóðskrá Íslands

- Stefnumótun og stjórnskipulag (2015, 2018)

Stjórnarráð Íslands

- Stefnuferlar málaefnasviða ríkisins (2016-2018)
- Stafræn umskipti hins opinbera – Ísland.is og tengd verkefni (2018).
- Stefnumótun á málefnasviði grunnskrár og upplýsingamála (2016-2017)

Reykjavíkurborg

- Innleiðing þjónustustefnu Reykjavíkurborgar með aðferðarfræði notendamiðaðrar hönnunar (Design Thinking) (2018-2019)
- Ferðamálastefna (2018-2019)
- Mannauðsstefna (2018)
- Stefnumótun þjónustu- og nýsköpunarsviðs (2019)

Reykjanesbær

- Stefnumótun sveitarfélagsins (2019)

Mosfellsbær

- Stefnumótun sveitarfélagsins (2019)
- Stafræn umbreyting (2019)

Seðlabanki Íslands

- Viðskiptagreind og verkefnastjórnun á sviði upplýsingatækni (2018-2019)

Hafnarfjarðarbær

- Úttekt á þjónustu sveitarfélagsins (2019)

Við erum hluti af stærra norrænu samfélagi

Capacent er norrænt ráðgjafarfyrtæki með starfsemi í þremur löndum. Móðurfélagið Capacent Holding AB er skráð á Nasdaq First North markaðnum í Stokkhólmi. Ráðgjafar okkar vinna að greiningu, mótun og innleiðingu margvíslegra lausna á sviði stefnumótunar, stjórnunar, ráðninga, rekstrar, fjármála og upplýsingatækni.

Hjá Capacent á Íslandi starfa um 50 ráðgjafar með víðtæka reynslu af flestum sviðum atvinnulífsins og sækir fyrirtækið sérhæfðar lausnir og þekkingu til leiðandi alþjóðlegra samstarfsaðila. Meðal þeirra eru Microsoft, IBM, Qlik og CEB.

Við hjálpum viðskiptavinum að...

- móta framtíðarsýn, stefnu og skipulag
- skilgreina mælikvarða og mæla árangur
- finna og ráða rétta fólk
- þjálfa stjórnendur
- meta arðsemi verkefna
- verðmeta fyrirtæki
- bæta verkferli og hagræða í rekstri
- meta og bæta upplýsingaöryggi
- bæta stjórnkerfi og stjórnendaupplýsingar
- velja og innleiða ný upplýsingakerfi
- nýta upplýsingatækni með ýmsum hætti og margt fleira.

